

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja útgáfu á yfirsetukvennafræði eptir Levy.

1867.
14. sept.

Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar í bréfi, dagsettu 28. febrúarmán. þ. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað með bréfi 5. júnímán. s. á. álitsskjal frá Hjaltalin, jústizráði og landlækni, um nýja fyrirhugaða útgáfu, breytta og sèr í lagi stytta, af íslenzku útlekkingunni á kennslubók Levys prófessors handa yfirsetukonum, og hafið þér ítarlega skýrt frá álitu yðar um málefni þetta. Dómsmálastjórnin hefir þvínæst aptur ritað hinu konunglega heilbrigðisráði um málið, og hefir það skýrt frá í bréfi 16. f. m., að því enn sem fyr virðist ísjárvert, að þýðaranum sè falið á hendur að gjöra neinar breytingar í yfirsetukvennafræði Levys, en að það aptur á móti verði að leggja til með, að útlekkingin sè gjörð eptir seinustu útgáfunni af bókinni, án þess reynt sè til að endurbæta hana.

Þetta skal yður hér með tilkynnt, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, og til þess að þér kunngjörð það, og virðist dómsmálastjórninni fyrir sitt leyti réttast, að farið sè eptir uppástungu heilbrigðisráðsins í þessu efni.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

17. sept.

Með bréfi dagsettu 18. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem hreppstjórnir í Helgastaðahrepp í Þingeyjarsýslu áfrýja til stjórnarráðsins úrskurði, er þér hafið kveðið upp 26. júnímán. 1865, og fer því fram, að Jónas Ólafsson sveitarómagi frá Kraunastöðum eigi sveit á fyr nefndum hreppi.

1867.
17. sept.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að úrskurður sá, er þér hafið lagt á málið, skal óbreyttur.¹

1) Úrskurður amtmannsins er svo látandi:

Í bréfi frá 16. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra sýslumaður, skotið til amtsins úrlausnar ágreiningi þeim, sem risinn er milli yðar og sýslumannsins í Þingeyjarsýslu útaf því, hvar Jónas Ólafsson, sem fluttur var næstliðið vor frá Helgastaðahrepp á Skriðahrepp, ætti framfærsluhrepp.

Eptir að hafa fengið þær skýrslur og skýringar í þessu máli, sem unnt er, hlýtur amtið að láta álit sitt í ljósi um það, eins og nú skal greina.

Það er þegar fullkomlega sannað, að Jónas dvaldi í Helgastaðahreppi í samfleytt 10 ár. Á þessu tímabili segjast hreppstjórar Helgastaðahrepps að sönnu hafa lagt Jónasi samtals 31 rd. 84 sk., og einnig hafa þeir borið fram, að hreppstjórinn í Skriðahrepp hafi smátt og smátt lagt honum hërumbil 20 rd.

Úrslit máls þessa eru þess vegna undir því komin, hvort þetta fê, sem Jónas hefir átt að þiggja, hafi verið þannig veitt, að það geti með fullum sanni heitið sveitarstyrkur.

Hvað þá snertir þá 31 rd. 84 sk., sem Jónasi eiga að hafa verið lagdir nýrðra, þá er það fullkomlega sannað og viðurkennt af hreppstjóra Helgastaðahrepps, að 11 rd. 29 sk var skuld, sem Gamaliel nokkur Ingridarson átti hjá Jónasi, og sem því ranglega er talið fátækra styrkur. En hvað hina eptirstandandi 20 rd. 56 sk. áhrærir, þá eru þeir að sumu leyti sveitarútsvar og að sumu leyti veittir alveg gagnstætt reglum þeim, sem gilda um veitingu sveitarstyrks, sbr. 9. grein í reglugjörð 8. janúarmán. 1834, þar-
eð skilyrðunum fyrir því, að Jónasi mætti veita styrk af fátækrafê var enganvegin fullnægt, og hið seinasta lán, sem Jónasi var veitt, var eins og neydt uppá hann, jafnvel þó hann hefði peninga til að kaupa sér mat fyrir. Þetta lán getur því engan veginn, eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834 9. gr., samanborinni við grundvallarreglu þá, sem tekin er fram í bréfi dómsmálastjórnaðherra frá 2. septembermán. 1858, álitist sannur sveitarstyrkur, og þess vegna ekki tálmað Jónasi að vinna sveitartiltölu í Helgastaðahreppi,

50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um íslenzk leiðarbréf.

1867.
30. sept.

Í bréfi dagsettu 16. þ. m. hefir utanríkisstjórnin beiðt álits dómsmálastjórnarinnar um fyrirspurnir þær frá aðalverzlunarfulltrúanum danska í Lundúnum, er hér fara á eptir:

- 1) hvort að það sé nauðsynlegt, þegar kaupmaður, sem býr í Danmörku, sendir skip til Íslands, að leiðarbréfið sé keypt á staðnum, þaðan sem skipið siglir, og hvort að kaupmaðurinn þá verði að gjöra það;

og það því síður, sem veiting þessa láns virðist hafa þann blá á sér, sem sýni, að það sé mestmegnis ef ei alveg veitt til að koma í veg fyrir, að Jónas yrði sveitlægur í tédum hreppi, en það atriði eitt er næg ástæða til að álita fé þetta ólögmatan styrk, er enga réttarverkun geti haft.

Hvað styrk þann snertir, er Jónas þáði af Skriðuhrepp, sem nam liðugum 20 rd., þá er það nú löglega sannað, að fé þetta er gjafir frá ættingjum Jónasar, sem þeir góðfúslega hafa gefið honum, og hitt er líka fullsannað, að Jónas á því 10 ára tímabili, sem hann dvöldi í Helgastaðahrepp, þáði ekki einn skilding af fátækrafé Skriðuhrepps.

Þaræð það er bein og brýn skylda sérhverrar hreppsstjórnar, að leita styrks hjá ættingjum þeirra, sem fátækir eru, samkvæmt 4. grein í reglugjörð 8. jan. 1834, og ekki má leggja neinum styrk af fátækrafé fyr en útsæð er um, að enginn náungastyrkur fái, eins og berlega er tekið fram í 9. greininni, þá virðist þessi styrkur í alla stadi lögmatar náungastyrkur, sem ekki getur rýrt nè vanað framfærissrétt Jónasar í Helgastaðahreppi á nokkurn hátt, sbr. bréf dómsmálastjórnarinnar 26. maímán. 1862.

Með því nú Jónas Ólafsson hefir dvalið samþeytt 10 ár, eða frá fardögum 1854 til fardaga 1864, í Helgastaðahrepp, og ekki á þessu tímabili þegið neinn löglega veittan sveitarstyrk, sem tálmað geti honum frá að vinna sér framfærissrétt í Helgastaðahrepp, úrskurðast hann með hyski sínu samkvæmt reglugjörð 8. jan. 1834 6. grein, og með hlidsjón af bréfi dómsmálastjórnarinnar 2. septembermán. 1858, sveitlægur í Helgastaðahreppi.

Þessi úrskurður beiðist auglýstur hreppstjórnunum í Skriðuhrepp.